

**Ed.**

**923. Nefndarálit**

[290. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febr. 1981.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frv. þetta er komið frá Nd. og var því gjörbreytt í meðförum deildarinnar. Fjárhags- og viðskiptanefndir beggja deilda unnu að sameiginlegum breytingartillögum við frv. og umfjöllun um það. Viðtæk samvinna tókst um þær veigamiklu sameiginlegu tillögur fjárhags- og viðskiptanefnda sem samþykktar voru í Nd.

Ágreiningurinn um frv. eins og það kom frá Nd. felst í þeim miklu skattaálögum sem það hefur í för með sér.

Skattar hafa verið hækkaðir ár eftir ár frá haustinu 1978, bæði beinir og óbeinir skattar. Svo er komið að hver fjögurra manna fjölskylda ber á þessu ári 1.5 millj. gkr. þyngri skattbyrði vegna þessara auknu álaga sem eru á ábyrgð ríkisstjórna Ólafs Jóhannessonar og Gunnars Thoroddsens. Þótt í veðri sé látið vaka að hér sé um skattalækkun að ræða er það blekking. Skattar munu augljóslega hækka á mörgum vegna þess að skattvísitala hækkar um 45% þegar ljóst er að laun hækka milli árana 1979 og 1980 um rúm 50%. Fyrir liggja útreikningar Þjóðhagsstofnunar um að skattbyrði beinna skatta miðað við tekjur á greiðsluári hafi hækkað verulega í fyrra, en léttist ekki frá því í ár, ef verðbólga og launatekjur hækka um 40% á árinu eins og ríkisstjórnin stefnir að. Frv. hefur því ekki í för með sér skattalækkun ef marka má svardaga ríkisstjórnarinnar um þróun verðbólgu á árinu.

Við undirritaðir, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, undirstrikum enn skattastefnu flokksins með flutningi breytingartillagna á þskj. 922.

Að öðru leyti vísum við til nefndarálits Matthíasar Á. Mathiesens, Matthíasar Bjarnasonar og Alberts Guðmundssonar á þskj. 832.

Alþingi, 18. maí 1981.

Lárus Jónsson,  
frsm.

Ey. Kon. Jónsson.